

Bekkjatenglar

Ef þú ert foreldri þá
ertu bekkjartengill!





Markmið okkar 2022-23

- Öflugt skólastarf og glaðir nemendur
- Gott og gagnvirkt samstarf heimilis og skóla
- Almenn virkni foreldra stuðlar að betri tengslum
- Enn betri skólabragur
- Sjá [video](#)




Hlutverk bekkjatengla

- Að efla og styrkja samstarf foreldra/forráðamanna og nemenda í árgangnum
- Tengiliðir við umsjónarkennara, foreldra og foreldrafélag
- Stefnt skal að því að halda 2 – 3 hópefli yfir veturinn. T.d. í október/nóvember og síðan í febrúar/mars
- Gott er að bekkjatenglar vinni saman innan árgangs.



Hlutverk bekkjatengla

- Bekkjatenglar aðstoða kennara við að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfinu eftir því sem við á, t.d. í tengslum við vettvangsferðir
- Foreldrafélagið fær aðstoð frá bekkjatenglum við framkvæmd einstakra stærri viðburða á vegum þess, t.d. jólaföndur, páskabingó og vorhátíð.



Hvað geri ég ef ég ætla að nýta húsnæði skólans fyrir skemmtun?

- Sendir póst til skrifstofustjóra hallab@setbergsskoli.is og húsumsjónarmanns hafsteinn@hafnarfjordur.is sem halda utan um skráningar á pöntunum á húsnæði skólans.
- Mikilvægt er að taka húsnæði frá tímanlega þar sem oft þarf að gera ráðstafanir vegna þrifa og til að forðast árekstra.
- Húsumsjónarmaður opnar og lokar húsnæði eftir samkomulagi við þá sem halda skemmtunina.
- Sá sem óskar eftir að fá húsnæðið að láni ber ábyrgð á að skila því í góðu ásigkomulagi að lokinni notkun og gæta þess að gluggar og hurðir séu lokaðar.

Bekkjarkvöld INNI

- Vinahópar
- Afmæli
- Bingó. Foreldrar sameinast um að redda smávægilegum vinningum, þurfa ekki að vera merkilegir.
- Spilakvöld. Bæði er hægt að nýta spil sem eru til í skólanum eða börnin koma með sín uppáhalds spil.
- Spilakvöld með Spilavinum. Þá þarf að hafa þátttökugjald.
- Diskótek í salnum
- Vasaljósapartý. Sérstaklega skemmtilegt þegar mesta myrkrið er skolið á. Bekkurinn hittist í skólanum með vasaljós og flakkar um.
- Feluleikur. Mjög fjörugt þegar hægt er að fela sig í heilum skóla. Mætti sameina með vasaljósapartýinu.
- Hæfileikakeppni. Margar hugmyndir að útfærslum. Foreldrar og börn keppa saman. Foreldrar keppa og börn dæma.
- Hittast í skólanum og fara í leiki. Einhver tekur að sér að stjórna leikjunum. Hugmyndir að ýmsum leikjum má finna hér á eftirfarandi síðum: Leikjavefurinn, Leikjahandbók ÍTR
- Fleiri hugmyndir; bíó, keila, skautar



Bekkjarkvöld ÚTI

- Ratleikur um hverfið. Einhverjir foreldrar taka að sér að skipuleggja ratleik með þrautum um hverfið.
- Ratleikur um Heiðmörk. Sjá: Ferðafélag Íslands, Öskjuhlíð eða Gufunes. Sjá: Rathlaupafélagið Hekla.
- Hittast á opnu svæði, fara í leiki og grilla pylsur. T.d. Elliðaárdalur, Guðmundarlundur, Hvaleyrarvatn, Nauthólsvík
- Fara í fjallgöngu. Í kringum höfuðborgarsvæðið eru mörg fjöll og skemmtilegar gönguleiðir sem eru færar krökkum.
- Fjöruferð.

Foreldrafélagið á Facebook



Foreldrafélag Setbergsskóla /Rodzic Setbergsskóli /Parents Setbergsskóli

Public group · 419 following

[About](#) [Discussion](#) [Events](#) [Media](#) [Files](#) [People](#)